

Ár 2010, miðvikudaginn 16. júní kl. 17:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Eyþór H. Ólafsson og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Róbert Hlöðversson, aldursforseti, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Kjör formanns, varaformanns og ritara bæjarráðs

Stungið var upp á Guðmundi Þór Guðjónssyni sem formanni bæjarráðs.

Samþykkt með 3 atkvæðum.

Guðmundur Þór Guðjónsson tók við fundarstjórn.

Stungið var upp á Eyþóri H. Ólafssyni sem varaformanni bæjarráðs

Samþykkt með 3 atkvæðum.

Stungið var upp á Róberti Hlöðverssyni sem ritara bæjarráðs.

Samþykkt með 3 atkvæðum.

2. Bréf sem borist hafa frá:

2.1. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 14. maí 2010.

Í bréfinu er rætt um úttekt á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla á tímabilinu 2008 og 2009. Jafnframt var lagt fram samantekt um sjálfsmat 2009 til 2010 í Grunnskólanum í Hveragerði.

Bæjarráð lýsir yfir ánægju sinni með að stjórnendur og starfsmenn Grunnskólans í Hveragerði skuli hafa ákveðið að taka þátt í verkefni ráðuneytisins þar sem sjálfsmatsaðferðir grunnskóla eru teknar út. Ennfremur lýsir bæjarráð yfir ánægju sinni með þau faglegu vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við sjálfsmat í skólanum að undanfögnu.

2.2. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 14. maí 2010.

Í bréfinu er tilkynnt um endanlegt framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaða í grunnskólum fjárhagsárið 2010. Framlagið er kr. 8.640.000.-

Lagt fram til kynningar.

2.3. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 2. júní 2010.

Í bréfinu er rætt um kjör fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið verður á Akureyri um mánaðarmótin september-október nk.

Lagt fram til kynningar.

2.4. **Samtökum Sunnlenskra sveitarfélaga frá 18. maí 2010.**
Í bréfinu er boðað á ársþing SASS sem haldið verður á Selfossi 9. og 10. september nk.
Lagt fram til kynningar.

2.5. **Samtökum Sunnlenskra sveitarfélaga frá 18. maí 2010**
Í bréfinu er bókun stjórnar SASS frá 14. maí sl. vegna eldgos í Eyjafjallajökli og afleiðingar þess.
Lagt fram til kynningar.

2.6. **Orkuveitu Reykjavíkur frá 10. júní 2010.**
Í bréfinu er tilkynnt að Orkuveita Reykjavíkur hefur samþykkt styrk vegna hátíðarinnar Blóm í bæ að upphæð kr. 500.000.-

Bæjarráð þakkar rausnarlegan styrk Orkuveitunnar sem sýnir að stjórn hennar metur mikils það frumkvæði sem sýnt er með sýningunni Blóm í bæ sem haldin verður hér í Hveragerði síðustu helgina í júní.

2.7. **Velferðarvaktinni frá 8. júní 2010.**
Í bréfinu er fjallað um atvinnuleit ungmenna á aldrinum 17 og 18 ára. Velferðarvaktin hvetur sveitarfélög til að leita allra leiða til að tryggja ungmennum 17 og 18 ára vinnu í sumar.

Lagt fram til kynningar en nánar er fjallað um atvinnu ungs fólks undir lið 3.4. á fundinum.

3. Fjárhagsleg verkefni:

3.1. **Dómur Héraðsdóms Suðurlands frá 14. júní.**
Lagður fram dómur Héraðsdóms Suðurlands frá 14. júní s.l. þar sem Lykilhótel stefndu Hveragerðisbæ vegna lóðarréttinda á lóðunum Breiðumörk 1A og 1B.
Dómsniðurstaða er að Hveragerðisbær er sýkn af öllum kröfum stefnanda og skal stefnandi greiða stefnda kr. 600.000,- í málskostnað.

3.2. **Úrskurður Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis vegna stjórnarsýslukæru.**
Lagður fram úrskurður ráðuneytisins í stjórnarsýslukæru Valgerðar Magnúsdóttur gegn Hveragerðisbæ vegna álagningar B gatnagerðargjalda á fasteignina Klettahlíð 12.
Niðurstaða ráðuneytisins er að álagning B-gatnagerðargjalds á umrædda eign er ólögmat og felld úr gildi.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra í samráði við lögmenn bæjarins að meta niðurstöðu ráðuneytisins og gera tillögur að næstu skrefum sem lagðar yrðu fyrir bæjarráð á næsta fundi.

3.3. **Minnisblað bæjarstjóra vegna skólagöngu utan lögheimilissveitarfélags frá 15. júní.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra dagsett 15. júní vegna beiðni um skólagöngu utan lögheimilissveitarfélags. Með minnisblaðinu fylgdi álit skólasálfræðings.

Bæjarráð samþykkir að fresta afgreiðslu til næsta fundar og bæjarstjóra falið að afla frekari upplýsinga.

3.4. **Minnisblað menningar- og frístundafulltrúa vegna vinnuskóla frá 14. júní .**

Lagt fram minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa dagsett 14. júní þar sem óskað er eftir auka fjárveitingu til vinnuskóla í ljósi atvinnuástands ungmenna.

Bæjarráð samþykkir umbeðna aukafjárveitingu og vísar kostnaði til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

Ljóst er að fjöldi unglinga í vinnuskóla bæjarins á aldrinum 13-15 ára hefur aldrei verið meiri eða 82 börn. 26 eldri ungmenni starfa í vinnuskólanum sem flokksstjórar, við fegrun grænna svæða, á íþróttavelli, hverasvæði og til aðstoðar á hinum ýmsu sumarnámskeiðum fyrir börn. Vinnumálastofnun veitti ráðningarheimild fyrir námsmenn í fjögur störf en Hveragerðisbær réði til vinnu 13 ungmenni fædd árin 1992 og 1993. Með þessu móti hafa öll ungmenni sem sótt hafa um vinnu hjá Hveragerðisbæ verið ráðin til starfa.

3.5. **Samkomulag við Brunavarnir Árnassýslu.**

Lagt fram samkomulag við Brunavarnir Árnassýslu þar sem slökkvilið Hveragerðisbæjar kemur til með að sjá um útköll í vesturhluta Sveitarfélagsins Ölfuss og Brunavarnir Árnassýslu koma til með að sjá um eldvarnareftirlit í Hveragerði. Einnig er í samkomulaginu gert ráð fyrir uppgjöri vegna eldvarnaeftirlits í Hveragerði undanfarin ár.

Samkomulagið samþykkt. Kostnaði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

3.6. **Minnisblað skipulags- og byggingafulltrúa vegna ástands fráveitulagna í Heiðmörk frá 15. júní.**

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa dagsett 15. júní þar sem rætt er um tjónamat á fráveitum vegna jarðskjálftans og ástand fráveitulagna í Heiðmörk. Í minnisblaðinu kemur fram að umræddar lagnir í Heiðmörk eru ónýtar og brýnt að huga nú þegar að endurnýjun þeirra og annarra lagna sem í götunni eru.

Bæjarráð samþykkir að skipulags- og byggingafulltrúi leiti nú þegar tilboða í hönnun Heiðmerkur.

4. Verkfundagerðir:

- 4.1. Sundlaugin í Laugaskarði- viðgerð og málun á laugarkeri frá 25. maí og 1. júní 2010.
Bæjarráð samþykkir fundargerðirnar.

5. Fundargerðir til kynningar:

- 5.1. Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands frá 20. maí 2010
- 5.2. Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 2. júní 2010.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:00

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)